

SAMPYKKT

um gatnagerðargjöld í Stykkishólmi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi bæjarins eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Tveggja hæða fjölbýlishús	1,2%
Raðhús og parhús	1,0%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	0,5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0,5%
Opinberar byggingar	1,5%
Bílskúrar	1,5%
Önnur hús	0,5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða **kr. 40,00** af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem reiknuð er út ársfjórðungslega. Krónutala miðast við vísitölu 909 stig.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalda, skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfið verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

6. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

1. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3%
2. Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð og raðhús	2,4%
3. Tveggja hæða fjölbýlishús	2%
4. Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	1%
5. Verslunar- og skrifstofubyggingar	3%
6. Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
7. Opinberar byggingar	3%
8. Bílgeymslur	3%
9. Önnur hús	1%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en sem svarar 300 m³.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald kr. 60,00 af hverjum fermetra lóðar.

7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur, þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum. Lán eru með þeim sömu kjörum og lán úr Bygðasjóði til sveitarfélaga vegna gatnagerðarframkvæmda.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 396 4. september 1975 um gatnagerðargjöld í Stykkishólmi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.